

Ársskýrsla 2025
Fjársjóður fjalla og fjarða
Brothættar byggðir í Reykhólahreppi



REYKHÓLAHREPPUR
UNADUR AUGANS



Vestfjarðastofa



BYGGÐASTOFNUN



**Fjársjóður
fjalla og fjarða**

Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Markmið og tilgangur verkefnis í Brotthættum byggðum.....	4
Meginmarkmið Fjársjóðs fjalla og fjarða eru skilgreind í verkefnisáætluninni og eru þrjú:	5
Áfangar verkefnisins.....	5
Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn.....	6
Viðvera verkefnisstjóra	7
Meginmarkmið og starfsmarkmið byggðarlags – stöðumat.....	8
Skipulags- og innviðauppbýgging í Reykhólahreppi.....	12
Úthlutun styrkja árið 2025	13
Greining úthlutunar.....	13
Styrkþegar og verkefni árið 2025.....	14
Aðrir styrkir.....	15
Framlag verkefnisstjórnar, fundir og samráð	15
Hugleiðingar verkefnisstjóra í lok verkefnis	16
Heimildaskrá.....	18

Ársskýrsla byggðarlags í Brothættum byggðum

Inngangur

Verkefnið Fjársjóður fjalla og fjarða byggir á víðtæku samráðsferli við íbúa í Reykhólahreppi. Íbúáping var haldið dagana 22.–23. mars 2025, þar sem íbúar komu saman í skipulögðum vinnustofum og lögðu grunn að framtíðarsýn, markmiðum og áherslum verkefnisins. Íbúápinginu var stjórnað af Sigurborgu Kr. Hannesdóttur, ráðgjafa hjá ILDI. Í framhaldi af þinginu var unnin heildstæð verkefnisáætlun sem var kynnt og borin undir íbúa á íbúafundi þann 19. júní 2025, þar sem hún hlaut umræðu og samþykki. Þessi samráðsleið lagði grunn að verkefnisáætlun Fjársjóðs fjalla og fjarða fyrir tímabilið 2025–2029. Á tímabilinu 1. júlí til 3. september 2025 var Frumkvæðissjóður Fjársjóðs fjalla og fjarða opnaður fyrir umsóknir. Alls bárust 21 umsókn, þar af hlutu 16 verkefni styrk að þessu sinni. Úthlutun styrkja fór fram við úthlutunarathöfn þann 29. október 2025, þar sem verkefni voru kynnt og styrkþegar heiðraðir.

Mynd frá íbúáþingi í Reykhólahreppi, mars 2025. Mynd: KPH



Meginniðurstöður

Á árinu 2025 var unnið markvisst að innleiðingu og undirbúningi verkefnisins Fjársjóður fjalla og fjarða. Megináhersla verkefnisins fólst í greiningu á stöðu, áskorunum og tækifærum á svæðinu með það að markmiði að safna upplýsingum, draga fram lykilatriði og skapa traustan grunn fyrir áframhaldandi stefnumótun og framkvæmd aðgerða

Á árinu náðust eftirfarandi lykiláfangar í verkefninu:

- Verkefnisáætlun verkefnisins var gefin út og lögð fram sem leiðarljós fyrir næstu skref í vinnu að verkefninu (sjá nánar í verkefnisáætlun: [verkefnisáætlun](#) FFF).
- Haldið var íbúáþing með góðri þátttöku þar sem íbúar komu að umræðu um forgangsörðun og framtíðarsýn svæðisins.
- Í fyrsta sinn var úthlutað úr Frumkvæðissjóðnum, sem markar mikilvægt skref í því að styðja við frumkvæði íbúa og staðbundin þróunarverkefni.

Niðurstöður stöðugreiningar leiddu í ljós ýmsa styrkleika svæðisins, einkum hvað varðar samfélagslegar forsendur, staðbundna þekkingu og möguleika til þróunar. Jafnframt voru greindar áskoranir sem tengjast meðal annars byggðapróun, atvinnumálum og þjónustu. Niðurstöður greiningarinnar eru settar fram í samantekt sem veitir yfirsýn yfir helstu atriði og getur nýst sem grundvöllur fyrir ákvarðanatöku og frekari útfærslu aðgerða.

Ekki er unnt að meta áhrif verkefnisins á þessu stigi, enda er það fyrir einungis fáum mánuðum komið í framkvæmdaáfang. Hins vegar veita niðurstöður ársins mikilvæga innsýn í stöðu mála og mynda traustan grunn fyrir áframhaldandi vinnu og þróun verkefnisins til framtíðar.

Markmið og tilgangur verkefnis í Brothættum byggðum

Verkefnið Brothættar byggðir er eitt af lykilverkefnum Byggðastofnunar og miðar að því að bregðast við langvarandi fólksfækkun, veikri samfélagsgerð og takmörkuðum atvinnumöguleikum í smærri byggðarlögum á landsbyggðinni. Samkvæmt ársskýrslu Byggðastofnunar er tilgangur verkefnisins að styrkja samfélagslega og efnahagslega stöðu þeirra byggða sem standa höllum fæti og skapa forsendur fyrir sjálfbæra þróun til framtíðar (Byggðastofnun, 2019).

Í verkefninu er lögð sérstök áhersla á að efla viðnámsþrótt brothættra byggða með því að virkja íbúa til þátttöku í stefnumótun og ákvarðanatöku um framtíð eigin samfélags. Gert er ráð fyrir að íbúar skilgreini sjálfir helstu áskoranir, tækifæri og forgangsverkefni í samvinnu við sveitarfélög, ríkisstofnanir og aðra hagsmunaaðila. Þessi nálgun byggir á þeirri forsendu að staðbundin þekking og reynsla íbúa sé lykilatriði í árangursríkri byggðapróun (Byggðastofnun, 2019).

Jafnframt miðar verkefnið að því að bæta samhæfingu opinberra aðgerða og auka samstarf milli stofnana, sveitarfélaga og atvinnulífs. Með markvissri samvinnu er leitast við að nýta betur þau úrræði sem til staðar eru, efla atvinnuþróun og tryggja að opinber þjónusta styðji við búsetu í brothættum byggðum. Í ársskýrslu Byggðastofnunar kemur fram að verkefnið sé hluti af heildrænni byggðastefnu ríkisins, sem hafi það markmið að jafna búsetuskilyrði og stuðla að samfélagslegu jafnræði óháð búsetu (Byggðastofnun, 2019).

Meginmarkmið Fjársjóðs fjalla og fjarða eru skilgreind í verkefnisáætluninni og eru þrjú:

- Jákvætt og umburðarlynt samfélag
- Samstaða um auðlindanýtingu
- Frjótt atvinnu- og mannlíf

Undir hvert meginmarkmið eru fjölmörg starfsmarkmið sett fram sem er ætlað að ná þessum markmiðum.

Í heild sinni endurspeglar verkefnið Brothættar byggðir þá stefnu að byggðapróun byggist ekki eingöngu á fjárhagslegum stuðningi heldur einnig á samfélagslegri virkni, samstöðu og þátttöku íbúa. Verkefnið er þannig bæði þróunar- og lýðræðisverkefni sem miðar að því að styrkja sjálfsmynd, framtíðarsýn og búsetuöryggi smærri byggðarlaga á Íslandi (Byggðastofnun, 2019).

Áfangar verkefnisins

Verkefnum brothættra byggða er skipt upp í fjóra áfanga:

1. Undirbúningur
2. Stefnumótun og áætlanagerð
3. Framkvæmd
4. Lok verkefnis

Verkefnið Fjársjóður fjalla og fjarða er nú statt í þriðja áfanga, sem er framkvæmdaáfangi. Í þessum áfanga hefur verið unnið markvisst að innleiðingu þeirra markmiða og aðgerða sem

mótaðar voru í verkefnisáætlun. Áætluð lok verkefnisins samkvæmt samningi eru í lok árs 2029.

Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn

Fjársjóður fjalla og fjarða er samstarfsverkefni Byggðastofnunar, Reykhólahrepps og Vestfjarðastofu, og eiga þessir aðilar fulltrúa í verkefnisstjórn verkefnisins. Auk þess hafa íbúar svæðisins skipað fulltrúa sína í stjórnina til að tryggja beina tengingu við hagsmuni og þarfir samfélaganna.

Verkefnisstjórnin hefur ákvörðunarvald í verkefninu og ber ábyrgð á stefnumótun, forgangs röðun aðgerða og úthlutun styrkja úr Frumkvæðissjóði Fjársjóðs fjalla og fjarða. Verkefnisstjóri vinnur í umboði verkefnisstjórnar og sér um daglega framkvæmd verkefnisins, eftirfylgni ákvarðana og samhæfingu við samstarfsaðila. Verkefnisstjóri er starfsmaður Vestfjarðastofu.

Á verkefnistímabilinu hefur Vestfjarðastofa jafnframt lagt verkefninu lið með þátttöku í fundum verkefnisstjórnar, undirbúningi og skipulagningu funda, yfirferð umsókna, úrvinnslu gagna og almennum stuðningi við framkvæmd verkefnisins. Verkefnisstjórn og verkefnisstjóri hafa starfað náið saman að því að tryggja framgang verkefnisins og að markmið þess náist samkvæmt gildandi samningi.

Í verkefnisstjórn eru, frá vinstri til hægri: (Mynd: KPH)



Aðalsteinn Óskarsson, fulltrúi Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands Vestfirðinga.

Guðlaug G.I.M. Bergsveinsdóttir, fulltrúi íbúa.

Hrefna Jónsdóttir, fulltrúi Reykhólahrepps.

Verkefnisstjóri er Embla Dögg Bachmann.

Vésteinn Tryggvason, fulltrúi íbúa.

Kristján Þ. Halldórsson, fulltrúi Byggðarstofnunar.

Helga Harðardóttir, fulltrúi Byggðarstofnunar.

Viðvera verkefnisstjóra

Viðvera verkefnisstjóra á verkefnistímabilinu hefur verið nokkuð breytileg og tekið mið af eðli verkefnisins. Verkefnið krefst mikillar samhæfingar, funda og samskipta við samstarfsaðila víðs vegar að og því hefur stór hluti vinnunnar farið fram á skrifstofu Reykhólahrepps þar sem Verkefnisstjóri hefur aðstöðu. Verkefnisstjóri hefur ýmist unnið að verkefninu á heimaskrifstofu, í Reykjavík eða á skrifstofu Vestfjarðastofu, allt eftir því hvaða verkþættir hafa verið í forgangi hverju sinni. Þrátt fyrir þennan sveigjanleika er verkefnisstjóri oftast starfandi á skrifstofu á Reykhólum og sinnir þar daglegri framkvæmd verkefnisins.

Samskipti við íbúa og aðgengi að verkefnisstjóra hafa verið tryggð bæði með rafrænum leiðum og með viðveru á skrifstofu þegar þess hefur verið kostur. Verkefnisstjóri hefur lagt áherslu á að vera í reglulegu sambandi við íbúa, veita ráðgjöf varðandi umsóknarskrif, framvindu verkefna og lokaskýrslur og styðja við þá sem leita upplýsinga um málefni tengd verkefninu. Þessi nálgun hefur stuðlað að góðu upplýsingaflæði og jákvæðu viðhorfi til verkefnisins innan samfélagsins á Reykhólum.

Meginmarkmið og starfsmarkmið byggðarlags – stöðumat

Meginmarkmið 1 – Jákvætt og umburðarlynt samfélag						
Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
1.1. Undirbúningur fyrir móttöku á gildum fyrir samfélagið. Lok undirbúnings áramót 2025/2026						Á áætlun 2026.
1.2. Að gildi samfélagsins í Reykhólahreppi verði lögð fyrir til afgreiðslu á íbúafundi haustið 2026.						Á áætlun 2026.
1.3. „Hrósvíkur“ í Reykhólahreppi skipulagðar, tímasettar og framkvæmdar reglubundið á verkefnistímanum. Í fyrsta sinn 2026.						Á áætlun 2026.
1.4. Tveir vinnustaðir bjóði upp á opið hús/kynningu á starfsemi sinni á hverju ári á verkefnistímanum. Í fyrsta sinn 2025.						Í vinnslu. Það liggur fyrir að Norðursalt og Skrifstofa Reykhólahrepps verða með opið hús á næstunni.
1.5. Endurvekja Barmahlíðardaginn, hátíð á sumardaginn fyrsta 23. apríl 2026.						Á áætlun 2026.
1.6. Haldinn samráðsfundur fyrir árslok 2025 með öllum félagasamtökum á svæðinu og farið yfir stöðuna á viðburðahaldi með það að markmiði að fjölga viðburðum.						Fundur verið boðaður
1.7. Greina hentugar húsnaðislausnir, félagsheimili eða samfélagsmiðstöð ásamt útisvæði, fyrir viðburði og fjölbreytt félagsstarf fyrir alla aldurshópa fyrir árslok 2027.						Á áætlun 2027.

1.8. Finna farveg fyrir formlegt menningarstarf fyrir lok árs 2025.						Liggur fyrir að halda fund með félagasamtökum til að fara yfir menningarstarf.
1.9. Menningarfélag/skemmtifélag tekur til starfa og leggur drög að dagskrá um viðburði/námskeið/samverustundir og þ.h. fyrir lok maí 2026.						Á áætlun 2026.
1.10. Móttökuáætlun fyrir nýja íbúa mótuð og sett fram á viðeigandi tungumálum, útgefin fyrir lok árs 2026.						Á áætlun 2026.
1.11. Finna hentugar leiðir til upplýsingagjafar og miðlunar t.d. um viðburði og þ.h. fyrir íbúa og gesti og koma þeim á framfæri fyrir sumar 2026.						Stendur til að ræða það á fundi með félagasamtökum í byrjun febrúar 2026.
1.12. Greina hentugar lausnir, fyrir íþróttaaðstöðu bæði innan- og utan húss fyrir allan aldur fyrir árslok 2027.						Á áætlun 2026.
1.13. Móta framtíðarsýn um endurbætur á sundlaugarsvæði á Reykhólum, fyrir lok árs 2028.						Mál sem er búið að vinna aðeins að.
1.14. Leita leiða til að bæta hljóðvist í anddyri íþróttahúss fyrir lok árs 2029.						Á áætlun 2029.
1.15. Gera Reykhóla/Reykhólahrepp að „göngu-/hjólreiðamiðuðu samfélagi“, búa til gönguleiðakort fyrir árslok 2027.						Á áætlun 2027.
1.16. Stuðla að aukinni hreyfingu með bættri aðstöðu, svo sem með „hreyfingargarði“ fyrir hjólabretti, útilíkamsræktartæki, parkour/götufimleika eða klifurvegg fyrir árslok 2028.						Á áætlun 2028.
1.17. Bæta aðstæður til hreyfingar og líkamsræktar utandyra., a.m.k. ein aðgerð á ári til ársins 2029.						Á áætlun 2029.
1.18. Kannaður verður grundvöllur þess að sveitarfélagið taki þátt í verkefninu Heilsueflandi samfélag hjá embætti landlæknis fyrir vorið 2026.						Búið er að hafa samband við grunnskóla og sveitarfélag.
1.19. Fegrun umhverfis – umhverfis dagar – samkeppni um						Dagurinn var haldinn í fyrsta skiptið 2025.

snyrtilegt umhverfi, í fyrsta sinn 2025 og einu sinni á ári eftir það.						
1.20. Óska eftir því að sveitarfélagið geri Vaðalfjöll að formlegu bæjar/staðarfjalli						Á áætlun 2026. Erindi þarf að senda á sveitarstjórn og eiga samtal við sveitarstjóra.
Meginmarkmið 2 – Samstaða um auðlindanýtingu						
Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
2.1. Mótuð hafi verið og samþykkt áætlun um varðaða leið til samkomulags hagaðila um mat á afkastagetu, kortlagningu og nýtingu jarðhita á Reykhólum fyrir lok nóvember 2025.						Fundur liggur fyrir hjá verkefnistjóra við sveitarstjóra og yfirmanni framkvæmda á Reykhólum.
2.2. Fyrir liggi samkomulag á milli hagaðila um nýtingu jarðhita á Reykhólum fyrir lok febrúar 2027.						Samtalið er hafið, fundur liggur fyrir með sveitarstjóra og umsjónamanni framkvæmda í febrúar 2026.
2.3. Reykhólahreppur hafi mótað skýra stefnu og umgjörð/regluverk um möguleika á nýtingu jarðhita á Reykhólum til minniháttar iðnaðarnota (þ.m.t. ylræktar) fyrir lok árs 2027.						Á áætlun 2027.
2.4. Komin verði fjármögnuð áætlun um leit að nýtanlegum jarðhita í Króksfjarðarnesi fyrir lok árs 2026.						C1 umsókn liggur fyrir.
2.5. Komin verði fjármögnuð áætlun um leit að nýtanlegum jarðhita í Flatey fyrir lok árs 2026.						Á áætlun 2026 – vinna að málinu er að einhverju leiti hafin.
2.6. Gerð verði gróf forathugun á möguleikum á nýtingu á heitu vatni og dreifingu þess til íbúðarhúsa og mögulegs atvinnu- og iðnaðarhúsnaðis á Króksfjarðarnesi fyrir mitt ár 2027 (ef ske kynni að vatn finnist í nýtanlegu magni).						Á áætlun 2027.
2.7. Gerð verði gróf forathugun á möguleikum á nýtingu á heitu vatni og dreifingu þess til íbúðarhúsa og annars húsnaðis í Flatey fyrir mitt ár 2027 (ef ske kynni að vatn finnist í nýtanlegu magni).						Á áætlun 2027.
2.8. Skipuleggja öruggar gönguleiðir um hverina á svæðinu/Reykhólum fyrir vor 2026.						Á áætlun 2026.

2.9. Kanna möguleika og gera viðskiptaáætlun fyrir uppbyggingu „samfélagsgróðurhúss“ á hentugu svæði á Reykhólum fyrir árslok 2027.						Á áætlun 2027.
2.10. Bjóða upp á fræðslu fyrir nemendur í leik- og grunnskólanum, sem henta þeirra aldurskeiði, um ylrækt, helst á vettvangi, frá og með skólaárinu 2025-2026.						Verkefnisstjóri hefur komið málinu til skólans, og er að fylgja málinu eftir.
2.11. Kanna grundvöll fyrir nýtingu affalls af heita vatninu til ræktunar í gróðurhúsum, fyrir lok árs 2027.						Á áætlun 2027.
2.12. Koma upp hringrásarkerfi til að tryggja sjálfbærari nýtingu vatns, fyrir árslok 2029.						Á áætlun 2028/2029.
Meginmarkmið 3 – Frjótt atvinnu og mannlíf						
Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
3.1. Tvö ný nýsköpunarverkefni byggð á náttúruauðlindum hafi farið af stað í sveitarfélaginu fyrir lok árs 2028.						Á áætlun 2027.
3.2. Koma á samráðsvettvangi og samtali ferðapjóna um „gæðaferðamennsku“ sem verði kjarninn í framboði á ferðapjónustu sem byggir á sérkennum svæðisins og býður gestum upp á vandaða og eftirminnilega upplifun, fyrir árslok 2026.						Á áætlun 2026.
3.3. Leita leiða til að bæta móttöku stærri hópa ferðamanna þar með talið fjölgun gistirýma, fyrir árslok 2028.						Á áætlun 2026.
3.4. Skipulag og þróun siglingaleiða og leiðsagnar fyrir ferðamenn og íbúa um eyjar og sker, lok árs 2029.						Á áætlun 2028.
3.5. Bjóða íbúum upp á a.m.k. tvo fræðslufyrirlestra og námskeið s.s. í garðrækt, sagnfræði og/eða náttúrufræði fyrir árslok 2027.						Á áætlun 2026.
3.6. Tvö ný sérfræðistörf verði til í samfélaginu fyrir maí 2029, til dæmis fyrir sagnfræðing/ náttúrufræðing/ garðyrkjufraðing.						Þjóðfræðingur fékk styrk úr Frumkvæðissjóði FFF fyrir verkefni um Gull-Þóri.
3.7. Halda fræðslufund fyrir íbúa um varðveislu viðkvæmra og verðmætra vistkerfa s.s. þara og þang, hver, haförnninn, eyjar og sker fyrir lok árs 2026.						Á áætlun 2026.

3.8. Vinna áætlun um viðhald og uppbyggingu fuglaskoðunar á svæðinu fyrir árslok 2029.					Á áætlun 2028/2029.
3.9. Varðveita sögu og menningu Reykhólahrepps með því að koma upplýsingum í rit og/eða á stafrænt form til miðlunar, fyrir lok árs 2029.					Á áætlun 2028.
3.10. Setja fram áætlun um hvernig hægt er að laða að nýja íbúa til búsetu í samfélaginu með markvissum hætti, fyrir maí 2027.					Á áætlun 2026.
3.11. A.m.k. tvær nýjar afurðir verði komnar framleiðslu og í sölu í maí 2027.					Á áætlun 2027.
3.12. Komið verði upp aðstöðu fyrir heilsubaðstað fyrir lok árs 2029.					Verkefni sem er á vinnslustigi.
3.13. Kanna möguleika á að gera merkingu á mörkum Dalabyggðar og Reykhólahrepps til að undirstrika staðsetningu byggðarlagsins – hliðið að Vestfjörðum, fyrir lok árs 2026.					Á áætlun 2026.
3.14. Fylgja eftir hugmyndum um uppsetningu á smábátahöfn í Flatey, fyrir lok árs 2027.					Á áætlun 2026.
3.15. Kanna möguleika og fylgja málum eftir varðandi farþegasiglingar á milli Flateyjar og Reykhóla. Fyrir lok árs 2026.					Á áætlun 2026.
3.16. Viðhalda eldri áningarstöðum og skilgreina og koma upp einum til tveimur nýjum útsýnis-/áningarstöðum á ári hverju á verkefnis tímanum.					Á áætlun yfir verkefnistímann.

Skipulags- og innviðauppbýgging í Reykhólahreppi

Á árinu 2024 og í fyrri hluta árs 2025 hefur verið unnið markvisst að skipulags- og innviðauppbýggingu í Reykhólahreppi. Unnið var að tillögum að breytingu á aðalskipulagi með áherslu á uppbyggingu atvinnu- og íbúðarbyggðar á Króksfjarðarnesi og í Geiradal, þar sem lögð er áhersla á mótun þjónustukjarna, ferðaþjónustu og uppbyggingu grunninnviða sem styðja við framtíðarþróun svæðisins.

Mikil íbúðaruppbygging átti sér stað á árinu 2024 þegar alls 13 íbúðir voru byggðar í sveitarfélaginu, þar á meðal raðhús og einbýlishús. Sú uppbygging markaði mikilvægan áfanga í húsnaðismálum sveitarfélagsins og hafði áframhaldandi áhrif inn í árið 2025, þar sem unnið er að því að mæta eftirspurn eftir leiguhúsnaði með frekari skipulagsvinnu og fjárfestingum.

Endurbyggingu Reykhólafnar lauk að mestu á árinu 2024, en á árinu 2025 var áfram unnið að útfærslum og aðlögun hafnarmannvirkja með tilliti til breyttra tæknikrafna og þarfa bátaeigenda. Samhliða þessu hefur Vegagerðin unnið að umfangsmiklum endurbótum á Vestfjarðarvegi nr. 60 (um Gufudalssveit, á milli Bjarkarlundar og Skálaness), þar á meðal með fækkun einbreiðra brúa, sem er hluti af stærri samgönguuppfærslu á Vestfjörðum og hefur jákvæð áhrif á aðgengi og umferðaröryggi í Reykhólahreppi.

Úthlutun styrkja árið 2025

Árið 2025 var úthlutað styrkjum til alls sextán verkefna sem endurspegla fjölbreyttar áherslur í menningar-, atvinnulífs- og samfélagsþróun á svæðinu. Verkefnin spanna m.a. uppbyggingu innviða, ferðaþjónustu, skapandi greinar, handverk, fræðslu og samfélagslega viðburði. Markmið úthlutunarinnar er að styðja við nýsköpun, efla atvinnulíf og styrkja menningar- og samfélagsstarf í byggðarlaginu.

Heildarfjárhæð úthlutaðra styrkja á árinu nam 11.000.000 krónum. Flest verkefnin eru á upphafs- eða framkvæmdastigi.

Greining úthlutunar

Við greiningu á úthlutun styrkfjár úr Frumkvæðissjóði Fjársjóðs fjalla og fjarða, miðað við skráðan samningsaðila, kemur fram að sextán verkefni hlutu styrk árið 2025.

Heildarstyrkfjárhæð sjóðsins á árinu nam 11.000.000 kr.

Af þeim verkefnum sem hlutu styrk voru 10 verkefni á vegum fyrirtækja eða félaga, sem bendir til þess að stór hluti úthlutunar hafi farið til skipulagðra rekstraraðila eða formlegra félagasamtaka.

Skipting styrkja eftir kyni umsækjenda sýnir að konur voru skráðar sem samningsaðilar í sjö verkefnum, og nam heildarstyrkupp hæð þeirra verkefna 4.520.000 kr. Karlar voru skráðir sem samningsaðilar í sex verkefnum, og nam styrkupp hæð þeirra verkefna samtals 4.800.000 kr. Í þeim verkefnum þar sem bæði karl og kona voru skráð sem umsækjendur nam styrkupp hæðin samtals 1.680.000 kr.

Hlutfallslega fóru því um 41% af heildarstyrkfjárhæð ársins til verkefna þar sem konur voru skráðir samningsaðilar, um 44% til verkefna þar sem karlar voru skráðir samningsaðilar, og um 15% til verkefna þar sem bæði kyn voru skráð sem umsækjendur. Þessi skipting endurspeglar breidd í umsóknum og eðli þeirra verkefna sem hlutu styrk á árinu.

Styrkþegar og verkefni árið 2025
<i>Eftirfarandi er yfirlit yfir styrkþega, heiti verkefna og styrkupp hæðir:</i>
Eydís Örk Sævarsdóttir hlaut 800.000 kr. styrk til verkefnisins Gálgaklettur – Gufsan – samkomuhús.
UMF Afturelding hlaut 1.250.000 kr. styrk til ráðningar framkvæmdastjóra félagsins og 500.000 kr. styrk til verkefnisins Allir hjóla.
Félag áhugamanna um Bátasafn Breiðafjarðar á Reykhólum hlaut 700.000 kr. styrk til endurbóta og lagfæringa á bragga á Reykhólum.
Báta- og hlunnindasýningin ehf. hlaut 250.000 kr. styrk til skilta og merkinga við Þjóðveg 60 og 600.000 kr. styrk til verkefnisins Lifandi bátasýning.
Erla Þórdís Reynisdóttir hlaut 400.000 kr. styrk til stofnunar sauma- og vinnustofu ásamt hannyrðamiðstöð.
Ferðapjónustan Djúpadal hlaut 1.000.000 kr. styrk til fjölgunar gistirýma.
Framfarafélag Flateyjar hlaut 500.000 kr. styrk til verkefnisins Eyjaping 2026.
Furðufuglar hlutu 1.000.000 kr. styrk til uppsetningar fuglaskilta.
Úr sveitinni ehf. (BSF11 ehf.) hlaut 1.000.000 kr. styrk til verkefnisins Fjós... allra meina bót....
Guðlaug G.I.M. Bergsveinsdóttir hlaut 900.000 kr. styrk til verkefnisins Gull-Þórir á kortið og 70.000 kr. styrk til verkefnisins Upphaf upptöku.
Handverksfélagið Assa hlaut 350.000 kr. styrk til verkefnisins Kaffihús Össu á Króksfjarðarnesi.
Laugavík hf. hlaut 1.280.000 kr. styrk til verkefnisins Þaraböðin í Breiðafirði á Reykhólum.
Þórdís Halla Sigmarsdóttir og Hrólfur Ingi S. Eggertsson hlutu 400.000 kr. styrk til stofnunar vinnustofu til námskeiðahalds.



*Styrkþegar 2025
ásamt
verkefnisstjóra*

Aðrir styrkir

Styrkir veittir í Reykhólahreppi úr Uppbyggingarsjóði Vestfjarða

Eftirtaldir styrkir voru veittir í Reykhólahreppi úr Uppbyggingarsjóði Vestfjarða:

- 1.500.000 kr. í stofn- og rekstrarstyrk til Bata- og hlunnindasýningarinnar á Reykhólum ehf.
- 450.000 kr. í styrk í flokki menningarverkefna til Framfarafélags Flateyjar vegna verkefnisins 100 ára afmæli Flateyarkirkju.
- 600.000 kr. í atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrk til Vésteins Tryggvasonar fyrir verkefnið Shirako.

Framlag verkefnisstjórnar, fundir og samráð

Verkefnisstjórn fundaði reglulega á árinu 2025 í tengslum við mótun, þróun og eftirfylgni verkefnisins. Fundir fóru að mestu fram sem fjarfundir, en einn staðfundur var haldinn á skrifstofu Reykhólahrepps í júní í aðdraganda íbúafundar. Á árinu hélt verkefnisstjórn alls þrettán fundi, þar af tíu almenna fundi, tvo undirbúningsfundi vegna yfirferðar umsókna og einn sérstakan fund vegna úthlutunar úr Frumkvæðissjóði.

Verkefnisstjórn hefur frá upphafi verið öflugt bakland verkefnisstjóra og gegnt lykilhlutverki í framgangi verkefnisins. Hún hefur stutt við verkefnið með virkum hætti, tekið þátt í undirbúningi og skipulagningu samráðsfunda og úthlutunarviðburða, unnið að stefnumótun

á grundvelli ábendinga íbúa og borið ábyrgð á yfirferð umsókna og formlegri úthlutun styrkja úr Frumkvæðissjóði.

Á verkefnistímabilinu var lögð áhersla á virkt samráð við íbúa og hagsmunaaðila. Íbúafundur var haldinn 19. júní 2025 þar sem verkefnisáætlun var kynnt og íbúum gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum og ábendingum. Þá var haldið íbúáþing dagana 22. og 23. mars 2025 þar sem unnið var markvisst í vinnustofum að hugmyndavinnu, framtíðarsýn og forgangsörðun aðgerða. Þessir samráðsvettvangar hafa verið mikilvægur grunnur að áframhaldandi þróun verkefnisins og stuðlað að þátttöku, gagnsæi og sameiginlegri ábyrgð íbúa og stjórnenda á framgangi þess.

Hugleiðingar verkefnisstjóra í lok verkefnis

Samstarf við íbúa á verktímabilinu hefur verið bæði lærdómsríkt og hvetjandi. Áhugi íbúa á verkefninu hefur verið greinilegur og í samskiptum við þá hefur skapast sterk tilfinning fyrir vilja til þátttöku, samvinnu og uppbyggingar. Sérstaklega varð vart við aukinn áhuga og virkni í kjölfar úthlutunarathafnar Frumkvæðissjóðs, þegar greinilega fór að kvikna áhugi hjá íbúum og hugmyndavinna fór af stað af auknum krafti. Íbúar fóru í kjölfarið að þróa áfram hugmyndir sínar og finna ný tækifæri til frumkvæðisverkefna.

Stemningin í byggðarlaginu einkennist af jákvæðum væntingum, raunsæi og metnaði. Þrátt fyrir ólíkar forsendur og umfang verkefna sýna íbúar mikla hugmyndaauðgi og vilja til að leggja sitt af mörkum til samfélagsins. Úthlutun styrkja hefur reynst mikilvægur hvati, ekki eingöngu fyrir styrkþega heldur einnig fyrir aðra íbúa sem í kjölfarið fóru að móta og þróa eigin hugmyndir.

Jafnframt er mikilvægt að hafa í huga að þetta er fyrsta árið af fimm í heildstæðu verkefni. Fyrsta árið hefur að stórum hluta farið í uppbyggingu, mótun verkferla og samráð, með það að markmiði að skapa traustan grunn fyrir áframhaldandi starf. Viðbrögð íbúa gefa skýrt til kynna að þessi grunnur sé að skila árangri og að góðir möguleikar séu til staðar til frekari þróunar á næstu árum.

Mörg verkefnanna eru þegar komin vel af stað og hefur verkefnisstjóri verið í reglulegum samskiptum við verkefnisaðila, fylgst með framvindu þeirra og veitt stuðning og hvatningu eftir þörfum.

Að mati verkefnisstjóra er lykilatriði að byggja áfram á þeirri jákvæðu stemningu sem skapast hefur, styðja við frumkvæði íbúa og tryggja að hugmyndir fái svigrúm til að þróast á sínum hraða. Með áframhaldandi samvinnu, trausti og stöðugum stuðningi er raunhæft að verkefnið nái markmiðum sínum á heildartímanum, fimm árum og stuðli að því að byggðarlagið blómstri til framtíðar á forsendum íbúanna sjálfra.

Heimildaskrá

Byggðastofnun. (2019). Ársskýrsla Byggðastofnunar 2019. Sauðárkrókur: Byggðastofnun.